

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 20. janúar 2020
nr. erindis 202001061 MÁ

Málefni: Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar: Drög að frumvarpi til laga um hálendisþjóðgarð.

Vatnajökulsþjóðgarður er gríðarlega mikilvægur fyrir Sveitarfélagið Hornfjörð og er án efa ein af lykilástæðum fyrir fjölgun ferðamanna á svæðinu. Það er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að geta haft áhrif á starfsemi þjóðgarðsins með setu í stjórn og svæðisráði og haft þannig áhrif á stýringu á svæðinu og fjárhag þjóðgarðs í héraði. Það er alveg ljóst að Vatnajökulsþjóðgarður hefur verið undirfjármagnaður frá stofnun hans. Innviðir í Skaftafelli og Jökulsárlóni eru löngu sprungnir og því mikilvægt að hraða uppbyggingu þar. Þjóðgarðurinn hefur lokkað til sín ýmsa atvinnustarfsemi m.a. afþreyingarfyrirtæki sem bjóða upp á ferðir á jökul, í íshella, siglingar o.fl. Flest fyrirtækin sem koma úr heimabyggð eru lítil, fjölskyldurekin fyrirtæki sem hafa hagsmuni þjóðgarðsins að leiðarljósi. Starfsemi fyrirtækja sem starfa við eða innan þjóðgarðs hafa eftt atvinnulíf í sveitarfélaginu og lokkað til sín háskólamentað starfsfólk. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur unnið ótullega með þjóðgarðinum í ýmsum hagsmunamálum og mun gera áfram. Starfsmannafjöldi þjóðgarðsins hefur aukist jafnt og þétt og eru nú um 15 starfsmenn í heilsárs starfi hjá Vatnajökulsþjóðgarði.

Markmið Hálendisþjóðgarðs eru í samræmi við núverandi markmið Vatnajökulsþjóðgarðs og tekur sveitarfélagið undir þau markmið og ekki síst það markmið að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins sem er 6. markmið þjóðgarðsins. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur lagt á það áherslu að heimilt verði að beita þessu markmiði við leyfisveitingar þegar farið verður að beita atvinnustefnunni í þjóðgarðinum

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mynduð verði stjórn sem ber ábyrgð á stjórnun og rekstri þjóðgarðsins og að skipuð verði umdæmisráð í samræmi við svæðisráð í Vatnajökulsþjóðgarði en það fyrirkomulag hefur reynst vel. Eins er kveðið á um að umdæmisráð verði skipuð strax í kjölfar sveitarstjórnakosningum ekki ári síðar líkt og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir varðandi skipun í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs. Sú breyting er nú gerð varðandi hlutverk umdæmisráða að ráðning þjóðgarðsvarðar er nú ekki lengur í höndum umdæmisráða né í höndum stjórnar þjóðgarðsins. Forstjóra þjóðgarðastofnunar er falið það hlutverk. Það væri réttara að umdæmisráð og stjórn fengi tryggða aðkomu að ráðningu þjóðgarðsvarða.

Í frumvarpinu er kveðið á um orkunýtingu í 11. gr. Sveitarfélagið Hornafjörður vill hnykkja á að raforkudreifing verði tryggð í landinu öllu með þeim leiðum sem eru nauðsynlegar á

öruggan hátt. Stefna skal að því að allir strengir verði lagðir í jörðu sé það tæknilega tímabært.

Við stofnunun hálendisþjóðgarðs mun Vatnajökulsþjóðgarður renna inn í hann miðað við tillögur ráðherra. Nú er Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO og hefur fengið mikla kynningu utan Íslands. Sveitarfélagið Hornafjörður veltir því upp hvort það muni bitna á þeirri kynningu og stöðu sem þjóðgarðurinn hefur í dag. Vatnajökulsþjóðgarður hefur lengi verið undirfjármagnaður og innviðir hans sveltir. Starfsemin hefur vaxið hratt á undanförunum árum og var fjöldi ferðamanna sem heimsótti t.a.m. Jökulsárlón í kringum 850 þúsund manns á árinu 2019. Fjöldinn hefur haldist stöðugur milli áranna 2018 og 2019 þrátt fyrir nokkra fækkun á landsvísu. Við Jökulsárlón er engin þjónustubygging, bílastæði eru illa útbúin, klósett eru fá og oft á tíðum stífluð og starfsaðstæður landvarða bágbornar. Uppbygging er einnig nauðsynleg í Skaftafelli og er það fjármagn sem þangað hefur verið beint af skornum skammti. Það er því krafa Sveitarfélagsins Hornafjarðar að með stofnun Hálendisþjóðgarðs komi ekki til skerðing á því fjármagni sem Vatnajökulsþjóðgarður hefur til umráða heldur verði fjárframlög aukin. Einnig er mikilvægt að tekjuöflun þjóðgarðsins skerði ekki framkvæmdafé á meðan uppbygging á sér stað þó þjóðgarðurinn verði vonandi sjálfbærari með tímanum. Mikilvægt er að tryggja gott starfsumhverfi og því er áhyggjuefni ef stækka á svæðin innan þjóðgarðs og mögulega fækka þjóðgarðsvörðum.

Taka ber undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga að kostnaður af störfum stjórnar greiðist af fjárheimildum Hálendisþjóðgarðs en ekki af viðkomandi sveitarstjórnnum.

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri